

11. gr.

Allir þeir sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir reglugerðina, skulu innan 4ra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella skoðast búfjárhald þeirra óheimilt.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 og lögum nr. 38 frá 23. maí 1980, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 13. október 1983.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 731

13. október 1983

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 27. janúar 1930.

1. gr.

2. mgr. 81. gr. sbr. samþykkt nr. 219 2 apríl 1980, orðist svo:

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn borgarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim, sem hefur veitingaleyfi skv. l. 53/1963. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09.00 til 23.30. Þó getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opin. Ákvæði 77. og 78. gr. taka til þeirra eftir því sem við á. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1980 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.